



Leiðbeiningar vegna Covid-19 – Ítarefni 25. jan. 2021

Fjölliðamót

Hólfaskipting

Hver keppnisvöllur telst vera eitt hólf og skal hann hafa séringgang og salernisaðstöðu. Loka þarf fyrir gönguleiðir yfir á aðra keppnisvelli/hólf þannig að samgangur sé ekki mögulegur.

Riðill skal spilaður í einu hólf og kláraður áður en næsti riðill hefst.

Listi yfir starfsmenn á svæðum (hámark 50)

40 leikmenn	5 lið í riðli, hámark 8 leikmenn á lið
1 starfsmaður með liði	4 lið í riðli, hámark 10 leikmenn á lið
2 dómarar	3 lið í riðli, hámark 13 leikmenn á lið
2 á ritaraborði	
1 umsjónarmaður mótshaldara	Aldrei fleiri 50 að hámarki á hverju keppnissvæði

Riðlaskipting:

5.fl.: 4 liða riðill (einföld umferð) eða 3 liða riðill (tvöföld umferð).

6.fl.: 4-5 liða riðill (einföld umferð) eða 3 liða riðill (tvöföld umferð).

ATH. STRANGLEGA ER BANDAÐ AÐ FARA Á MILLI KEPPNISSVÆÐA, HVORT SEM UM RÆÐIR STARFSMENN, LEIKMENN EÐA ÞJÁLFA!

Viðvera

Liðin mæti ekki meira en 30 mínútum fyrir fyrsta leik og yfirgefa íþróttahúsið strax eftir seinasta leik.

Sóttvarnir - Þrif

Þegar hverjum riðli er lokið skal sótthreinsa alla snertifleti (huga sérstaklega að hurðarhúnum, varamannabekkjum). Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á. Hvatt er til góðs samráðs við umsjónarmenn íþróttamannvirkja um umgengni og þrif mannvirkja.

Mikilvægt er að mótin séu skipulögð þannig að gefinn sé tími í þrif áður en keppni í næsta riðli hefst.

Skráning/rakning

Starfsmenn liða skulu skila nafnalista í tölvupósti til mótshaldara daginn áður en mótið hefst. Þar skulu koma fram nöfn og kennitölur leikmanna og nöfn og símanúmer forráðamanna þeirra sem mæta á mótið. Auk þess skal vera nafn og símanúmer starfsmanns liðsins.

Lið sem ekki hafa skilað inn nafnalista geta ekki hafið leik í mótinu.

Mótahaldarar skulu einnig halda lista yfir alla starfsmenn mótsins og við hvaða riðla þeir hafa starfað.

Veitingasala

Mótshaldarar ættu ekki að útvega veitingar fyrir starfsfólk, keppendur eða aðra þátttakendur. Allar veitingar sem einstaklingar taka með sér ættu að vera í lokuðum umbúðum. Óheimilt er að deila drykkjarílátum eða mataráhöldum með öðrum einstaklingum. Vatnsbrúsar og önnur drykkjarílát eiga að vera merkt.

VEITINGASALA ER EKKI LEYFÐ!

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

